

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 4. nóvember 2021
Mnr. 2021110022



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs dags. 4. nóv. 2021

Að beiðni sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs fór Gísli Gunnlaugsson hjá Tækniþjónustu Vestfjarða, að meta ástand á fasteigninni við Vallargötu 1, Þingeyri. Um er að ræða fornfrægt hús sem í daglegu tali er kallað Gramsverslun. Húsið er byggt árið 1890 og eignaðist sveitarfélagið húsið árið 2004, á uppboði. Húsið var áður þinglýst eign þrotabús Rauðsíðu ehf.

Í ástandsskoðun var farið yfir helstu þætti sem viðkoma fasteigninni bæði innanhúss og utanhúss, niðurstöður eru á þann veg að ástand hússins er mjög bágborið og brýn þörf á miklu viðhaldi/endurbótum. Í ástandsskoðun er lagt lauslegt mat á kostnað og er hann áætlaður um 71,2 m.kr. leiða má að því líkum að þessi kostnaður geti verið umtalsvert hærri m.t.t. þess að allir gluggar og frágangur er sérsníði.

Með hliðsjón af ástandi hússins og kostnaði við endurgerð, þá er það mat sviðsstjóra að það séu brýnni verkefni hjá eignasjóði sem snúa að íþrótt- og skólamannvirkjum en endurgerð Gramsverslunar. Með hliðsjón af framangreindu er lagt til við bæjarráð að auglýsa eftir áhugasömum aðilum til þess að taka mannvirkið yfir, fyrirkomulagið getur verið með því móti að selja fasteign/afhenda með kvöðum um viðhald og eða bjóða Ríkinu fasteignina til uppgerðar m.t.t. aðstöðu þjóðgarðsvarðar á Dynjanda.